

Alþingi
Erindi nr. P 136/1270
komudagur 17.3.2009



Iðnaðarnefnd Alþingis

Nefndasviði Alþingis

Reykjavík, 17. mars 2009.

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, þskj. 664, 394. mál.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. mars 2009, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík 394. mál.

Orkuveita Reykjavíkur og Norðurál Helguvík ehf. hafa gert með sér samning um raforkusölu til álvers í Helguvík. Samningurinn gerir ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur framleiði raforkuna annars vegar með stækkun orkuversins á Hellið en hins vegar með nýrri virkjun í Hverahlíð. Orkuveita Reykjavíkur hefur þegar gert skuldbindandi samninga um kaup á vélasamstæðum vegna þessara virkjana.

Samningur Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur ehf. er með fyrirvara af hálfu Norðuráls Helguvíkur ehf. varðandi orkukaup frá Hverahlíðarvirkjun, um fjármögnun álversins. Samningurinn kveður hins vegar á um að raforkan frá stækkaðri Helliðarvirkjun verði keypt af Norðuráli Helguvík ehf. óháð byggingu álversins. Til þess að fjármagna byggingu Hverahlíðarvirkjunar þarf að vera til staðar fyrirvaralaus orkusölusamningur og er gert ráð fyrir í samningi aðila að fyrirvara um fjármögnun álvers í Helguvík verði aflétt fyrir 1. júlí n.k.

Frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík greiðir fyrir fjármögnun álversframkvæmda, verði það að lögum. Þegar Norðurál Helguvík ehf. hefur lokið fjármögnun álvers í Helguvík mun Orkuveita Reykjavíkur kappkosta að ljúka fjármögnun Hverahlíðarvirkjunar og í framhaldi af því ráðast í byggingu þeirrar virkjunar. Orkuveita Reykjavíkur mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,